

L ö g**17**
19. júní.

um

skifting Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Austur-Húnavatnssýsla og Vestur-Húnavatnssýsla skulu vera kjördæmi
hvor út af fyrir sig og kjósa 1 þingmann hvor.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda næst þegar almennar óhlutbundnar
kosningar til Alþingis fara fram.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.